



Vísindasjóður Félags framhaldsskólakennara (FF) og Félags stjórnenda (FS)

Um sjóðinn

Vísindasjóður Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum skiptist í tvær deildir, A deild og B deild. Tekjur sjóðsins eru 1,72% kjarasamningsbundið framlag launagreiðenda af dagvinnulaunum sjóðfélaga. Aðeins er tekið við umsóknum í A deild frá 1. september til 15. nóvember en B deildin er opin allt árið.

Markmið Vísindasjóðs FF og FS er að auka tækifæri félagsmanna til framhalds- og endurmenntunar. Sótt er um styrki úr sjóðnum á Mínum síðum hjá ki.is.

Félagsmenn öðlast aðild að A deild sjóðsins (styrkir vegna endurmenntunar innanlands, bókaþaua o.fl.) eftir 3 mánuði en eftir 6 mánuði að B deild (lokna ECTS einingar, námskeið og ráðstefnur erlendis o.fl.) Félagsmenn standa sjálfir skil gagnvart skattayfirvöldum á reikningum vegna styrks úr A deild en skila frumgögnum vegna styrkja úr B deild með umsókn. Reikningar fyrir styrkhæfum útlögðum kostnaði mega ekki vera eldri en 12 mánaða.

Félagsmaður þarf að vera sjóðfélagi þegar sótt er um styrk, þ.e. réttindi falla niður þegar iðgjöld hætta að berast sjóðnum.

Stjórn Vísindasjóðs FF og FS fundar einu sinni í mánuði. Allir styrkir eru greiddir út í einu lagi.

Hverjir eiga rétt á styrkjum?

Einungis virkir iðgjaldagreiðendur eiga réttindi í sjóðnum. Fullur styrkur úr A deild 2017 er kr. 84.000. Hámarksúthlutun úr B deild eru kr. 500.000 á fjögurra ára tímabili en styrkir til mismunandi verkefna eru bundnir við ákveðnar fjárhæðir innan þess ramma. Réttindi eru hlutfallsleg og miðast við starfshlutfall. Félagsmaður í hlutastarfi á rétt á styrk miðað við dagvinnuhlutfall og fjölda unninna mánuði ársins.

Launalaust leyfi: Félagsmaður sem fer í launalaust leyfi og nám getur viðhaldið réttindum sínum enda haldi hann félagsréttindum sínum í FF eða FS með greiðslu iðgjalds til sjóðsins. Umsóknir eru ekki afgreiddar fyrr en félagsmaður er kominn aftur til starfa og er orðinn fullgildur sjóðfélagi á ný og sjóðnum hefur sannanlega borist greiðsla iðgjalda meðan á launalausum leyfi stóð.

Fæðingarorlof: Félagsmaður sem fer í fæðingarorlof getur viðhaldið réttindum sínum enda haldi hann félagsréttindum sínum í FF eða FS og hluti iðgjalda rennur til sjóðsins. Til þess að viðhalda réttindum sínum þarf félagsmaður sannanlega að greiða í sjóðinn meðan á fæðingarorlofi stendur.

A deild

Úr A deild eru veittir styrkir vegna skólagjalda, námskeiðsgjalda, ráðstefnugjalda og ferðakostnaðar vegna endurmenntunar og viðbótarmenntunar **innanlands**. Og vegna kaupa á bókum, handbókum, rafbókum, fagtímaritum, áskriftum að tímaritum og vefritum sem tengjast starfi félagsmanna, þar með talið árgjöld til fagfélaga. Einungis eru veittir styrkir vegna útgjalda sem skattayfirvöld taka gild sem frádrátt á móti endurmenntunar- og viðbótarmenntunarstyrk.

B deild

Úr B deild eru veittir eftirfarandi styrkir: **1.** Einingabært háskólanám (hámark 60 ECTS einingar x 5000 kr). **2.** Skólaheimsóknir hópa erlendis (hámark 100.000 kr á tveggja ára fresti). **3.** Einstaklingsstyrkir, þ.e. námskeið og ráðstefnur erlendis (hámark 250.000 á tveggja ára fresti) og sýningar (hámark 80.000 á tveggja ára fresti). **4.** Námsorlof (300.000 kr fyrir nám innanlands, 400.000 fyrir nám erlendis).

Heildarupphæð úthlutunar úr B deild má aldrei fara yfir 500.000 kr. á hverjum fjórum árum.

Nánari upplýsingar <http://ki.is/styrkir-og-sjodir/endurmenntunarsjodir/framhaldsskolinn/um-sjodinn>, síminn er 595 1118 og netfangið visffogfs@ki.is.